



Fjallasalir ses (Pálshús)
Strandgötu 4, 625 Ólafsfjörður
kt: 480714-1480

Ólafsfirði, 27.09.2023

Fjárlaganefnd Alþingis

Við hjá Pálshúsi Ólafsfirði þökkum kærlega fyrir áður veittan stuðning. Styrkirnir hafa gert okkur kleift að halda áfram uppbyggingu í „Safnahúsi Ólafsfjarðar“ Pálshúsi, sem nú er að mestu lokið.

Við leitum aftur til fjárlaganefndar um stuðning fyrir árið 2024. Við óskum eftir styrk að upphæð kr. 3 .000.000,- sem er töluvert lægra en áður. Við gerum okkur grein fyrir óvæntum útgjöldum ríkisins , en lítum á þetta verkefni að hluta til sem lið í atvinnuskapandi verkefni og aðdráttarafi í komandi ferðamannastraumi. Við reiknuðum ekki með að leita á náðir ykkar aftur, en við viljum reyna að bæta ásýnd og umgjörð safnsins enn frekar og því er þessi umsókn send. Þess ber að geta að aðsókn í sumar hefur aukist og þeir sem koma í heimsókn eru mjög ánægð með safnið og segja sumir að þetta sé skemmilegasta safnið sem þau koma á.

Meðfylgjandi eru hugmyndir okkar að framkvæmdum og viðbótum ársins 2024 ásamt kostnaðaráætlun. Bent skal á að öll árin frá 2016 hafa kostnaðaráætlanir okkar staðist með mjög mikilli sjálfboðavinnu og við sniðið okkur stakk eftir vexti. Vonandi sjáið þið ykkur fært að styrkja áfram gott uppbyggingarstarf í safnamálum Ólafsfjarðar.

En til þess þurfum við allan þann stuðning sem við mögulega getum fengið og treystum á velvilja fjárlaganefndar í þessu máli þrátt fyrir erfiða tíma í fjármálum ríkisins.

Þá viljum við bjóða fjárlaganefnd velkomna í Pálshús þegar og ef tækifæri gefst fyrir ykkur.

Með vinsemd og virðingu

f.h. Fjallasala ses (Pálshúss)

Þorsteinn Ásgeirsson
formaður stjórnar

Gsm: 8927093